

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
26. fundur þriðjudaginn 10. desember 2019 kl. 9.
Nefndasvið Alþingis.

FUNDARGERÐ

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH) í síma, Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Indriði B. Ármannsson (IBÁ). Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt með breytingu.

2. Athugasemdir við frumvarpsdrög sem standa út af.

- a. **71. gr. frv.** um möguleika á að greiða atkvæði áður en atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst formlega. Rætt um að tillagan kemur úr frumvarpi fyrri vinnuhóps og er að norski fyrirmynd. Ekki mjög praktískt en gæti t.d. skipt máli fyrir sjómenn sem eru mánuðum saman í Smugunni. Einnig rætt um að ákvæðið skipti minna máli nú þegar lagt er til að taka upp bréfkosningar. Ákveðið að halda sig við tilmæli ÖSE um að hefja ekki kosningar fyrr en ljóst er hverjir séu í framboði og taka ákvæðið því út. Ákveðið að víkja að þessu í greinargerð frumvarps.
- b. **72. gr. frv.** Tillaga ÞV að breytingu samþykkt.
- c. **73. gr. frv.** Greinarfyrirsögn lagfærð.
- d. **74. gr. frv.** Rætt um áritun sendiumslags atkvæðis sem er greitt utan kjörfundar. Í stað kennitölu má nota merki en þetta geta til dæmis verið strikamerki eða QR kóðar. Tilgangur er þá að koma í veg fyrir auðkennisþjófnað. Rætt um að þetta sé arfur frá gamalli tíð að kennitala kjósanda sé aftan á sendiumslagi og var til að auka líkur á að atkvæði skili sér rétta leið þannig að það yrði tekið gilt.
- e. **77. gr. frv.** Rætt um tillögu ÞV um skráningu utankjörfundaratkvæða. Í dag halda sýslumenn og sendiráð sérstaka skrá (utankjörfundarskrá sem Þjóðskrá Íslands lætur í té) um það hverjir greiða atkvæði utan kjörfundar. Þessi skrá ásamt atkvæðum greiddum utan kjörfundar er send til kjörstjórna eftir að atkvæðagreiðslunni er lokið, fyrir upphaf kjörfundar. Þá athugar kjörstjórnin hvort kjósandi er á kjörskrá og hvort fylgibréf sé í lagi. Merkt er við kjósanda í kjörskrá til bráðabirgða. Eftir kjörfund er þetta gert upp í viðurvist umboðsmanna og athugað hvort kjósandi hafi nokkuð greitt atkvæði á kjörfundi. Nú er lagt til að sýslumenn noti almennt rafrænu kjörskrána í stað utankjörfundarskráar. Í því felst ekki að kjósandi hafi verið tekinn á kjörskrá heldur að hann hafi greitt atkvæði utan kjörfundar (ath. að

kjósandi þarf bara að uppfylla skilyrði kosningarréttar á kjördag). Þegar kjörstjórnin hefur fengið atkvæðabréfin og upplýsingar um þá sem greitt hafa atkvæði utan kjörfundar færir hún, að uppfylltum kosningarréttarskilyrðum, nöfn þeirra á kjörskrána. Hér er því um að ræða einföldun þar sem kjörstjórnin þarf ekki að tvýfjirfara atkvæðabréfin og hún getur farið yfir þau hvenær sem er á kjörfundinum. Ef kjósandi kemur til sýslumanns og hann er ekki á kjörskrá yrði nafn hans skráð í gerðabók, líkt og nú er og síðan athugað á kjörfundi eða í lok hans hvort viðkomandi er komin á kjörskrá. Rætt um hvort það gangi að nota rafræna kjörskrá með þessum hætti og hvort að öryggi hennar yrði fórnað með því að kjörstjórar fái aðgang að kerfinu. IBÁ telur að það ætti að vera hægt að samþætta þetta.

- f. **93. gr. frv.** Tillaga ÞV um móttöku og rannsókn utankjörfundaratkvæða samþykkt.
- g. **99. gr. frv.** Ákvæði breytt í samræmi við ákvörðun starfshóps um að hverfa frá tvítalningu atkvæða.
- h. **102. gr. frv.** Rætt um hvort lögregla ætti að vakta talningarstað í stað þess að yfirkjörstjórn sjái til þess að verkið sé unnið. Ákveðið að halda sig við yfirkjörstjórn.
- i. **117. gr. frv.** Rætt um hvort setja þurfi inn sérstaka tímafresti og hvort að hægt sé að ógilda kosningar einu ári eftir að þær fóru fram. Ef það koma upp atvik sem réttlæta ógildingunni kosninga þá verður að kjósa upp á nýtt.
- j. **XVIII. kafli.** Samþykkt að sameina kafla um úrslit forsetakjörs og þjóðaratkvæðagreiðslna.
- k. **126. gr. frv.** Ákveðið að taka út reglugerðarheimild um frestun kosninga frekar.
- l. **131. gr. frv.** Samþykkt að sameina ákvæði um kærur vegna forsetakjörs og þjóðaratkvæðagreiðslna.
- m. **132. gr. frv.** Rætt um hvort breyta ætti „líklegt sé að galli hafi haft áhrif á úrslit kosninga“ í „ljóst sé að galli hafi haft áhrif á úrslit kosninga“. Ákveðið að halda sig við orðalagið „líklegt“.
- n. **134. gr. frv.** Samþykkt að bæta við að þingið úrskurði líka um gildi ágreiningsatkvæða.
- o. **141. gr. frv.** Orðalag ákvæðis um kostnað lagfært.
- p. Orðalag nýs ákvæðis um hlutverk Þjóðskrár Íslands samþykkt.
- q. Viðbót við 14. gr. um ársskýrslu landskjörstjórnar samþykkt.

3. Önnur mál.

Rætt um kynningu frumvarpsins fyrir forsætisnefnd og þingflokkum. ÞV ræðir við forseta Alþingis.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 19. desember nk. kl. 13.

Fundi slitið kl. 10.30.